

**502. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 27. september 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM) aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) aðalmaður, Jón Örn Pálsson (JÖP) aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ) aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætast nýjir liðir, Fundagerð Fræðslu-,menningar-, íþróttu og sækulýðsnefndar. Athugasemd vegna skólaakstur og Trúnaðarmál. Dagsetning íbúafundar.

Eva D Jóhannesdóttir gerir athugasemdir við fundarboðun og leggur fram eftirfarandi bókun:

Fundi hefur verið frestað um viku eða meira þetta árið . Samkvæmt samþykktum um stjórn Tálknafjarðarhrepps , 8.gr. skal halda reglulega fundi sveitarstjórnar þriðja þriðjudag í mánuði. Þetta er gert til að sveitarstjórnarmenn, sem og íbúar sem hafa áhuga á að sitja fundinn , hafi möguleika á að skipuleggja sig eftir þessum fundum. Eins hafa fundargögn skilað sér seint og illa . Hvort tveggja er óásættanlegt og eru eindregin tilmæli um að úr þessu verði bætt í framtíðinni.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 2. september 2016, haldinn á Patreksfirði - 1609005**
Til kynningar.
- 2. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 29 ágúst. - 1609033**
Til kynningar.
- 3. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 9. ágúst. - 1609032**
Til kynningar.
- 4. Fundargerð 842. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga. - 1609028**
Til kynningar.
- 6. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 11 - 1603001F**
Fundargerðin er samþykkt
- 7. Fundargerð 9. fundar fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. - 1609035**
Samþykkt samhljóða.

8. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 12 - 1609005F

Sveitarstjóra falið að óska eftir álitni vinnueftirlits vegna málsins.

5. Fyrirspurn - Próteinverksmiðja í Tálknafirði. - 1606016

Sveitarstjórn tekur til afgreiðslu erindi frá Arctic Protein ehf. Umrætt erindi var tekið fyrir á fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar þann 12. ágúst og var tekið til afgreiðslu hjá sveitarstjórn á fundi sveitarstjórnar þann 16. ágúst Þar var afgreiðslu frestað. En bókun Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar var eftirfarandi:

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið. Húsnæðið sem um ræðir er skilgreint á hafnarsvæði í Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og heimilar því slíka starfsemi. Nefndin bendir á að margþætt starfsemi er í húsunum í kring sem taka þarf tillit til.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-,skipulags og umhverfisnefndar.

Samþykkt Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar er ekki ígildi samþykktar fyrir umræddi starfsemi.

Bréfritara er bent á að sækja um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, sem óskar eftir umsögn sveitarfélagsins og þá fyrst er málið komið til afgreiðslu hjá sveitarstjórn.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu (JÖP)

Jón Örn Pálsson leggur fram bókun:

Á grundvelli þess að athafnasvæði og lóðastærð við umrætt húsnæði(Strandgata 43) eru takmörkuð með tilliti til umfangs starfseminnar og eðlis hennar er staðsetning talin óhentug.

9. Athugasemdir vegna skólaaksturs. - 1609045

Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur foreldra. Ferðaáætlun almennigssamgangna er enn að þróast og því gott að fá góðar ábendingar um það sem betur má fara. Sveitarstjóra falið að fá fund með bréfriturum og finna hentuga lausn.

Samþykkt samhljóða.

10. Samstarfssamningur um almenningsamgöngur - 1609043

Sveitarstjórn samþykkir framlagaðann samning.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Gerður B. Sveinsdóttir - 17:00

11. Vatnskaup af Tálknafjarðarhrepp - 1609044

Afgreiðslu frestað.

12. Ísland ljóstengt - 1609020

Sveitarstjóra falið að óska eftir frekari gögnum.

13. Fyrirspurnir frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga vegna ársreiknings 2015. - 1609031

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

14. Erindi til Hitaveitu Tálknafjarðar - 1609007

Sveitarstjórn þakkar bréfritara erindið. Gjaldskrá hitaveitu liggur ekki enn fyrir.

15. Dagssetning íbúafundar. - 1609046

Íbúafundur ákveðinn laugardaginn 5.nóvember.

16. Beiðni um aðstoð við björgun fornminja úr sjávarháska. - 1609027

Sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari upplýsingum.

17. Kosning í samráðsnefnd. - 1609039

Ásgeir Jónsson óskar eftir lausn frá setu í samráðsnefnd. Samþykkt að skipa Evu Dögg Jóhannesdóttur í hans stað, Jón Örn Pálsson til vara.

18. Kosning varamanns í Fjallskilanevnd. - 1609040

Marínó Bjarnason óskar eftir lausn úr nefndinni, Jón Örn Pálsson tekur sæti hans sem aðalmaður og til vara Indriði Indriðason.

19. Tillaga að breytingum að Samþykktum Tálknafjarðarhrepps. - 1609041

Ásgeir Jónsson leggur fram eftirfarandi tillögur að breytingu á samþykktum um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

1. Að 7. grein samþykktanna verði breytt þannig: 1.málgrein: í stað orðanna "skal kjörtímabil þeirra vera sama og sveitarstjórnar" komi: "skal kjörtímabil þeirra vera eitt ár"

2. Breyting á 1.málgrein 8. greinar: Í stað orðanna "Miðtúni 1" komi: "Strandgötu 38"

Tillögum vísað til síðari umræðu hjá sveitarstjórn.

20. Upplýsingagjöf sveitarstjóra. - 1605040

Unnið er að fjárhagsáætlun.

21. Úttekt slökkviliða 2016, Tálknafjörður - 1609022

Til kynningar

22. Minnisblað um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2017 og fjárhagsáætlun þriggja ára. - 1609029

Til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:47.

Indriði Indriðason (II)

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)